

**Sþ.**

### **367. Breytingartillögur**

við tillögu til þál. um framlag úr rikissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Fyrri málsgr. tillögunnar orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr rikissjóði allt að kr. 150000.00, er varið sé til þess að bæta bændum það tjón, er þeir biðu á síðastliðnu sumri vegna óþurrka, og skemmda á heyjum af þeim sökum. Sé fénu skipt milli héraða á óþurrkasvæðinu, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands að undangenginni rannsókn, en héraðsstjórnir skipti síðan, hver innan síns héraðs, fé þessu milli bænda, í hlutfalli við tjón það, er hver búandi hefir beðið.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Till. til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að bæta bændum tjón það, er þeir urðu fyrir af völdum óþurrka á síðasta sumri.